

8. Þegar í ljós kemur við álagningu skatta, hvern rétt gjaldandi á til útborgunar barnabóta á árinu 1976, verður fyrirfram greidd upphæð dregin frá heildarfjárhæðinni og kemur það sem þá stendur eftir til útborgunar á síðari hluta ársins. Komi í ljós við álagningu opinberra gjalda, að gjaldandi, sem fengið hefur fyrirframgreiðslu, hafi fengið ofgreiddar bætur, ber gjaldanda að endurgreiða hina ofgreiddu fjárhæð viðkomandi innheimtumanni ríkissjóðs.

Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Þorsteinn Geirsson.

Nr. 529.

9. desember 1975.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968 og að fengnum tillögum borgarráðs hefir eftirfarandi verið ákveðið:

- I. 1. Bannað verður að stöðva eða leggja ökutækjum að norðanverðu við Laugaveg frá Hlemmi að Snorrabraut.
 2. Hægri beygja af Laugavegi til norðurs í Snorrabraut verður bönnuð.
 3. Nyrsta akrein Laugavegs frá Hlemmi að Snorrabraut verður eingöngu ætluð strætisvögnum.
 4. Bifreiðastöður verða bannaðar á Laugavegi vestan Snorrabrautar á 15 m löngum kafla næst gatnamótunum.
 - II. Ármúli verður aðalbraut, þó þannig að umferð um hann viki fyrir umferð um Grensásveg og Háaleitisbraut.
 - III. 1. Einstefnuakstur verður á Ljósvallagötu til norðurs frá Hringbraut að Ásvallagötu.
 2. Bifreiðastöður verða leyfðar beggja vegna á sama kafla Ljósvallagötu.
- Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi 15. desember 1975.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 9. desember 1975.

Sigurjón Sigurðsson.